



855. fundur stjórnar GSÍ, 23. október 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Kristinsson, Rósa Jónsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Uppgjör ársins 2014
Lagður fram ársreikningur fyrir reikningsárið 2014 til undirritunar. Heildarvelta sambandsins var tæplega 150 milljónir á reikningsárinu sem er frá 1. október 2013 til 30. september 2014. Rekstrarniðurstaða sambandsins var jákvæð um kr. 1.382.286. Tekjur sambandsins hækkuðum um tvær milljónir frá fyrra ári en áætlanir gerðu ráð fyrir að tekjur drægjust saman um eina milljón. Rekstrargjöld voru tæpar 149 milljónir og hækkuðu um tæpar 2 milljónir frá áætlun ársins. Skýrist það að mestu af hækkun á mótasviði, en ákveðið var að fjölga mótum á Eimskipismótaröðinni en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að mótin yrðu fimm en ekki sjö, eins og raunin varð.
3. Fjárhagsáætlun 2015
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2015. Gert er ráð fyrir að heildarvelta sambandsins á árinu 2015 verði rúmar 156 milljónir og að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um rúmar 2 milljónir. Gert er ráð fyrir að félagagjald hækki í kr. 4.400 á árinu 2015 úr kr. 4.200. Á golfþingi 2013 var samþykkt að heimila stjórn sambandsins að hækka félagagjald í samræmi við verðlagsþróun, en félagsgjaldið hækkaði síðast í ársbyrjun 2013.
4. Stefnumótun og framsetning á formannfundum
S.l. sumar voru skipaðir starfshópar til að skipuleggja framkvæmd og eftirfylgni með stefnumótun golfhreyfingarinnar sem samþykkt var á síðasta golfþingi. Samþykkt voru fimm meginmarkmið og sér hver hópur um eitt markmið. Samþykkt að hver hópur kynni sín markmið og þau verkefni sem unnið hefur verið að árinu, auk þess að kynna verkefnakerfið Trello sem heldur utan um stefnumótunina.
5. Golf.is og breytingar á árinu
Lagt fram yfirlit yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu. Stærsta verkefni ársins var að færa félagakerfi golf.is frá Felix, tölvukerfi ÍSÍ, undir golf.is og gera þar með alla vinnslu í kerfinu einfaldari. Jafnframt á þessi flutningur að minnka villuhættu þegar önnur tölvukerfi eru tengd við golf.is, s.s. bókhaldskerfi sem sjá um innheimtu félagagjalda. Þá hefur í sumar verið unnið að eftirlitskerfi



golf.is, sem er viðbót við rásskráningarluta kerfisins og er því ætlað að auðvelda klúbbunum aðgangsstýringu að golfvöllum og auðvelda eftirlit með nýtingu vallanna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:10.